

## Samstarfssamningur

Aðilar að samstarfssamningi þessum eru annars vegar Þekkingarsetur Vestmannaeyja ses. (ÞSV) kt. 530308-1380 og hins vegar Viska – fræðslu og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja ses. kt.630103-2230.

Starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og Visku fer fram að mestum hluta í húsnæði ÞSV að Strandvegi 50 Vestmannaeyjum. Af því leiðir að til staðar er mikið samstarf þessara aðila og rekur ÞSV sameiginlega þjónustuskrifstofu í húsinu. Viska er stærsti einstaki notandi þeirrar þjónustu meðal þeirra stofnana og fyrirtækja sem þar hafa starfsemi.

### 1. gr.

Eitt af hlutverkum Þekkingarseturs Vestmannaeyja er að vera miðstöð rannsókn- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum og hefur það markmið að efla samstarf fyrirtækja og mennta- og rannsóknastofnana um verkefni á sviði nýsköpunar og rannsókna. Þá mun ÞSV bjóða upp á rannsóknaaðstöðu fyrir háskólanemendur og vísindamenn og kennsluhúsnæði fyrir símenntun, fullorðinsfræðslu og fjarkennslu.

### 2. gr.

Meginhlutverk Visku er hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á flestum sviðum og miðla því til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Þá stendur Viska fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Viska er í nánú samstarfi við fjölmarga aðila hér á landi um símenntun og endurmenntun.

Þá hefur Viska formlegt samstarf við flesta háskóla á landinu um menntun á háskólastigi og býður upp á aðstöðu fyrir nemendur vegna fjarnáms og með námsveri í kennsluhúsnæði sínu.

### 3. gr.

Með samstarfssamningi þessum tekur Viska að sér í samstarfi við Þekkingarsetur Vestmannaeyja að veita upplýsingar um mismunandi tækifæri til náms á öllum skólastigum sem boðið er með fjarkennslusniði og koma þeim upplýsingum á framfæri við íbúa Vestmannaeyja. Viska mun halda áfram á þeirri braut að standa fyrir margs konar námskeiðahaldi, kynna símenntun, veita ráðgjöf og bjóða upp á möguleika á námi í heimabyggð. Skal leitast við að halda til haga heildaryfirliti yfir eftirspurn og framboð náms. Leggja skal sérstaka áherslu á samstarf við menntastofnanir á framhalds- og háskólastigi.

### 4. gr.

Leiði ákvæði þessa samstarfssamnings til þess að Viska verði fyrir viðbótarútgjöldum vegna ofangreindra þátta skv. 3. gr. skal þeim kostnaði skipt jafnt milli Þekkingarseturs Vestmannaeyja og Visku, enda hafi verið um það samið áður en ráðist var í umrædd verkefni.


Adh  
PMD

5.gr.

Samstarfsamningur þessi gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016 miðar að því að samhæfa starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja og Visku fræðslu og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja. Miðað er við að endurskoðun samnings þessa hefjist eigi síðar en hálfu ári áður en gildistími hans rennur út.

Vestmannaeyjum 1. júlí 2014

Fh. Þekkingarseturs Vestmannaeyja



---

Fh. Visku



---